



Fjölbrautaskóli Suðurlands

## Fornám – seinni hluti

ÍSLE1FB05

Kennsluáætlun – vorönn 2018

### Kennari áfangans:

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir (GDS)

### Áfangalýsing

**Lestur:** Nemendur lesa skáldsögu og þjóðsögur. Um það bil tveir þriðju hluti annarinnar fer í lesturinn og alls konar verkefni tengd honum.

**Ritun og stafsetning:** Unnið er með alls kyns ritanir sem nemendur vinna með út frá aðferðum leiðsangarmats. Stafsetning er kennd í gegnum leiki og verkefnavinnu sem að hluta til er hópavinna. Áhersla er lögð á að nemendur læri og þjálfist að rita út frá fyrirfram ákveðnu sniði.

**Málnotkun:** Nemendur þjálfast í málnotkun með ýmsum verkefnum, skriflegum og munnlegum.

**Framsögn:** Nemendur ræða um verkefni sín og kynna sum þeirra, ýmist fyrir kennara, í litlum hópum eða öllum bekknum. Einnig læra þau listina að segja sögu.

**Forkröfur:** Áfanginn er framhald af ÍSLE1FA05.

### Markmið áfangans:

#### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtök ritunar og helstu ritreglur
- helstu málfræðihugtökum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli
- mismunandi lestraraðferðum
- nokkrum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem nýtast við umfjöllun um bókmenntir

#### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ýmsar tegundir nytjatexta í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- nýta algengustu hugtök í málfræði til að bæta eigin málfærni
- beita mismunandi blæbrigðum og málsniði í tal- og ritmáli
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni
- lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda
- skilja algengt líkingamál og orðatiltæki

#### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málvari
- beita einföldum blæbrigðum í málnotkun til að forðast einhæfni og endurtekningar

- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á málefnalegan hátt
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar textum
- sýna þroskaða siðferðisvitund og víðsýni í málflutningi sínum, umfjöllunum og verkum

### Kennslubækur og kennslugögn

- Annað land: Hakan Lindquist
- Efni frá kennara.

### Vægi námsþátta í einkunn

- **Vinnubók**
  - Verkefni úr Annað land 15%
  - Ritgerð 10%
  - Málfræðiverkefni 5%
- **Þjóðsögur**
  - Lesskilningur og orðaforði 10%
  - Stafsetning 5%
- **Ritun**
  - Ýmsar æfingar 10%
- **Ljóð**
  - Verkefnavinna 5%
- **Próf**
  - Bókmenntir og málfræði 15%
  - Ritun og ljóð 15%
  - Stafsetning 10%

### Kröfur og verkefnaskil

• Unnið er eftir kennsluaðferðum leiðsagnarmats að markmiðum áfangans, mikilvægt er því að nemendur taki vel leiðsögn og séu tilbúnir til að taka þátt í náminu, meta sig og bæta verkefni sín eftir þeim leiðum sem aðferðir leiðsagnarmatsins mæla með. Ekkert lokapróf er í þessum áfanga en mörg verkefni, sjálfsmat, jafningjamat og kannanir og matsblöð sem kennari leggur fyrir. Ætlast er til að nemendur taki að fullu þátt í kennslustundum, fylgist mjög vel með innlögnum, skrái glósur, vinni verkefni og taki þátt í umræðum hvort sem þær fara fram í litlum hópum eða bekknum í heild. Eitthvað verður um heimanám og þurfa nemendur t.d. að lesa stutta skáldsögu heima og koma ávallt lesnir í kennslustundir auk þess sem nauðsynlegt er að vinna ákveðin ritunar og íhugunarverkefni heima.

• Ætlast er til að nemendur mæti með tölvur í alla tíma, nema annað sé tekið fram, því mikil áhersla er lögð á að nemendur nýti leiðréttingarforrit og orðabækur á netinu í námi sínu. Auk þess er mikilvægt að ekki sé verið að eyða tíma í tvíverknað sem felst í því að skrifa sama texta upp tvisvar.

**Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema með samþykki kennara og þá aðeins að því tilskyldu að það þurfi að nota hann í tengslum við námið.**

Nemendur eru með facebooksíðu: **Fornám B**

Gert með fyrirvara um breytingar, F.Su., 14. desember 2015.

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir  
[gudbjorgdora@gmail.com](mailto:gudbjorgdora@gmail.com) og [gudbjorgdora@fsu.is](mailto:gudbjorgdora@fsu.is)

## FORNÁM – B, VINNUÁÆTLUN

Vika	Dags.	Verkefnavinna
1	5. janúar	Kynning
2	8.-12. janúar	Annað land. Lesnir eru kaflar 1-2 Bókmenntaverkefni, málfræði, ritun og tjáning..
3	15.-19. Janúar	Annað land. Lesnir eru kaflar 3-4 Bókmenntaverkefni, málfræði, ritun og tjáning.
4	22.-26. janúar	Annað land. Lesnir eru kaflar 5-6 Bókmenntaverkeni, málfræði, ritun og tjáning.
5	29. janúar-2. febrúar	Annað land. Lesnir eru kaflar 7-8 Bókmenntaverkefni, málfræði, ritun og tjáning.
6	5.– 9. febrúar	Annað land. Lesnir eru kaflar 9-10 Verkefni úr sögunni, málfræði, ritun og tjáning.
7	12. – 16. febrúar	Annað land. Lesnir eru kaflar 11-12 Bókmenntaverkefni, málfræði, ritun og tjáning.
8	19.-23. febrúar	Annað land. Lesnir eru kaflar 13-14 Bókmenntaverkefni, Tímaritgerð. Nemendur skila verkefnamöppu.
9	23. febrúar – 2. mars <i>Áfangamessa og Kátir dagar</i>	<b>Lokapróf 1 - Bókmenntir og málfræði (15%)</b> <b>Viðtöl</b>
10	5.-9. mars <i>Miðannarmat</i>	Ljóð, unnið er með myndmál, ljóstafi, rím og hrynjandi.
11	12.-16. mars	Ljóð, unnið er með myndmál, ljóstafi, rím og hrynjandi.
12	19.-23. mars	Ritun – Nemendur semja greinar í blað, safna ljóðum, skrifa fréttir. o.fl. Þjálfun í byggingu ritunar og notkun leiðréttingarforrita.
13	26.-30. mars <i>Páskafrí</i>	<b>Páskafrí</b>
14	2.-6. apríl <i>2. í páskum mánud.</i>	Ritun – Nemendur semja greinar í blað, safna ljóðum, skrifa fréttir. o.fl. Þjálfun í byggingu ritunar og notkun leiðréttingarforrita
15	9.-13. apríl	<b>Lokapróf 2 (15%) - Ritun og ljóð.</b> <b>Viðtöl</b>
16	16.-20. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti fimmtud.</i>	Þjóðsögur, lesskilningur, aukinn orðaforði og stafsetning.
17	23.-27.apríl	Þjóðsögur nemenda, þjóðsögur, lesskilningur, aukinn orðaforði og stafsetning. Skrifuð saga í anda þjóðsagna og ævintýra. Unnið eftir söguforminu. Uppsetning, frágangur og notkun leiðréttingarforrita.
18	30.apríl-4.maí <i>1.maí - frídagur</i>	<b>Lokapróf 3 (5%) Stafsetning</b>
19	7-9 maí <i>Dimmisjón 9.</i>	<b>Skrap</b>

